



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 21. september 2021

SFS2018120034

217. fundur

HG/sv

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi áhuga eftirlitsaðila á að rannsaka málefni Fossvogsskóla

Á 205. fundi skóla- og frístundaráðs, 13. apríl 2021 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um hvort eftirlitsaðilar, jafnt utanaðkomandi sem innan borgarkerfis, hafi lýst yfir áhuga á að rannsaka málefni Fossvogsskóla, framkvæmdir jafnt sem málsmeðferð og upplýsingagjöf til aðila sem málið hefur varðað? Hafa Reykjavíkurborg borist tilkynningar um slíkar rannsóknir. Ef svo er, hverjum hafa þær óskir borist og hvenær? Hver hefur verið málsmeðferð slíkra óska um rannsóknir, ef þær hafa verið settar í gang?

Svar:

Skóla- og frístundasviði hafa ekki borist nein erindi þess efnis að eftirlitsaðilar innan borgarkerfis eða utan hafi lýst áhuga á að rannsaka málefni Fossvogsskóla, þ.e. framkvæmdir, málsmeðferð og upplýsingagjöf til aðila sem málið hefur varðað. Leitað hefur verið upplýsinga frá umhverfis- og skipulagssviði um hvort slíkt erindi hafi borist sviðinu varðandi framkvæmdir og hefur slíkt erindi ekki borist. Málefni Fossvogsskóla hafa verið mikilvægt viðfangsefni beggja þessara sviða á undanförunum misserum. Samhæfingarhópur hefur verið að störfum undanfarnar vikur varðandi málefni Fossvogsskóla sem í sitja skólastjórnendur, fulltrúar af skóla- og frístundasviði og starfsfólk af skrifstofu borgarstjóra. Lögð hefur verið áhersla á gott samstarf aðila skólasamfélagsins um skóla- og frístundastarf í Fossvogsskóla á tímum framkvæmda og ófyrirséðra verkefna sem upp hafa komið.